

Alþingi  
Erindi nr. Þ 130/444  
komudagur 3.12.2003



Samtök iðnaðarins  
Federation of Icelandic Industries

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 2. desember 2003

**Efni: Frumvarp til laga um Evrópufélög, 203. mál.**

Samtök iðnaðarins styðja efni ofangreinds frumvarps og telja það horfa til framfara að taka upp þetta félagsform.

Íslendingum er samkvæmt EES-samningnum skylt að taka upp í íslensk lög ákvæði reglugerðar ráðsins nr. 2157/2001 um samþykktir fyrir Evrópufélög. Þær skyldur staðfesti Alþingi í desember 2002 með þingsályktun um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2002, um breytingu á XXII. viðauka við EES-samninginn.

Þrátt fyrir stuðning við efni frumvarpsins telja Samtök iðnaðarins rétt að veita þeim sem hagsmuna eiga að gæta meira svigrúm til þess að skoða efni þess nánar og útfærslu í einstökum atriðum. Ekki er vitað til þess að hagsmunaaðilum hafi á undirbúningsstigi frumvarpsins gefist kostur á að tjá sig um efni þess. Það er óheppilegt, ekki síst í ljósi þess að hér er verið að fjalla um mikilvæga umgjörð um rekstur fyrirtækja.

SAMTÖK IÐNAÐARINS



Jón Steindór Valdimarsson  
aðstoðarframkvæmdastjóri